

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi, Hleinar að Langeyrarmölum vegna Hraunvangs 7, Hrafnista í Hafnarfirði.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 10. apríl 2025 og bæjarstjórn Garðarbæjar 15. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi. Deiliskipulagið Hleinar að Langeyrarmölum er sameiginlegt með Hafnarfirði og Garðabæ. Helstu breytingarnar fela í sér stækkun lóðar úr 25.980 m<sup>2</sup> í 33.407 m<sup>2</sup>, aukningu á byggingarmagni úr 22.586 m<sup>2</sup> í 50.256 m<sup>2</sup>, hækkun nýtingarhlutfalls úr 0,9 í 1,5, tilfærslu á spennistöð og veltengingu frá Hrafnistu að Boðahleini og Naustahleini til vesturs.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 19. júní 2025.*

F.h. skipulagsfulltrúa,  
**Anne Steinbrenner** verkefnastjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025